

Ed.

130. Nefndarálit

[106. mál]

um frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt ákvæðum þessa frv. er lagt til að lögfest sé, að verðbótavísitala skuli vera 151 stig á tímabilinu 1. desember 1978 til 28. febrúar 1979. Með því er verið að skerða verðbótavísitöluna um 8% frá því sem gildandi kjarasamningar mæla fyrir um.

Viðurkennt er af ríkisstjórninni, að engar varanlegar aðgerðir gegn verðbólgunni felast í frumvarpi þessu né heldur þeim ráðstöfunum öðrum, sem hún hefur nú í undirbúningi í efnahags- og ríkisfjármálum. Þó er gefið fyrirheit um, að tíminn fram til 1. mars verði notaður til þess að reyna að finna stefnuna, en fram hefur komið mikill áherslumunur hjá einstökum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar í þeim efnun og í sumum atriðum er ágreiningur um grundvallaratriði.

Ekki hefur komið fram nein viðleitni af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að kynna fyrir minni hl. þær aðgerðir, sem fyrirheit er gefið um í 2. og 3. gr. frv.

Að öðru leyti vísast til nefndarálits minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar Nd., en þó skal eftirfarandi áréttað:

„Með setningu þessara bráðabirgðalaga afhjúpaðist einhver mesti blekkingavefur okkar daga í stjórnmalabaráttu landsins. Þess vegna er nú ráðist í nýjar efnahagsaðgerðir til bráðabirgða og með það að markmiði að unnt verði að koma verðbólgunni niður í 30% á næsta ári. En hefðu febrúarlögin náð yfirlýstum tilgangi sínum, hefðu skemmdarverk ekki ráðið ferðinni og hefði sýndarmennska ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalögum í september ekki séð dagsins ljós, hefði verðbólgan allt árið 1978 orðið 30%. Í athugasemdum með frumvarpinu setur ríkisstjórnin sér það mark, að launa- og verðlagshækkunir nemi 5% 1. mars n. k. Þó liggur fyrir samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar, að framfærsluvísitalan muni að vísu ekki hækka nema um 5.5%, en á hinn bóginn mun hækkun kaupgjaldsvísitölnunnar nema 8—9%, sem er sú almenna verðhækkun í landinu, þegar auknum niðurgreiðslum er sleppt. Og í sumum spám er jafnvel gert ráð fyrir allt að 11% verðlagshækkunum. Er því ljóst, að í þessu frumvarpi felst ekki nein frambúðarlausn á verðbólguvandannum og allt á huldu um hvað gerast muni 1. mars.

Eins og að framan er rakið er 1. gr. frv. þarflaus. 2. og 3. gr. eiga ekki heima í lögum. Stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um skilning á 4. gr. Upplýsingar fást ekki um fyrirhugaðar skattaálögur. Engu að síður ætla stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar að knýja málið fram óbreytt.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, og alls málatilbúnaðar þessa frumvarps telur minni hl. eðlilegt að greiða atkvæði gegn 1. gr. frv., en láta stjórnarsinnnum eftir að bera ábyrgð á lagasetningunni að öðru leyti.“

Alþingi, 30. nóv. 1978.

Halldór Blöndal,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.